

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2017

**Efni: 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 203 – 144. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (textun myndefnis).**

Íslensk málnefnd hefur í annað sinn fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla og snýr breytingin að textun myndefnis. Beiðninni var svarað í fyrra sinn 27. febrúar 2015. Málnefndin er enn sömu skoðunar og þá og lætur því fyrra svar fylgja hér:

Málnefndin styður þá breytingartillögu að við 30. gr. laganna bætist nýr málslíður svohljóðandi: „Myndefni sem fjölmiðlaveitur miðla skal ávallt fylgja texti á íslensku sem endurspeglar texta hljóðrásar myndefnisins eins nákvæmlega og kostur er.“ Þessi breytingartillaga er í anda íslenskrar málstefnu sem nefndin samdi fyrir menntamálaráðuneytið 2008 og samþykkt var á Alþingi með þingsályktun 12. mars 2009. RÚV hefur staðið sig best í textun efnis, og reynir þannig að fylgja málstefnu sinni, en enn vantar nokkuð upp á að allt efni sé textað. Aðrar fjölmiðlaveitur standa sig mun verr. Íslensk málnefnd telur það réttindamál heyrnarlausra og heyrnarskertra, en einnig þeirra sem erfitt eiga með að skilja talað íslenskt mál, að hafa tækifæri til að lesa texta á skjá og fá þannig full not af útsendu efni.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran  
formaður